

Nr. 065 / 11 Stafnes KE 130**Vélarbilun og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 964
IMO nr. 6422377
Smíðaður: Þrándheimi Noregi 1964
Stærð: 165,6 brl. 257,1 bt.
Mesta lengd: 33,22 m Skráð lengd: 29,57 m
Breidd: 6,9 m Dýpt: 5,88 m
Vél: Callesen 589 kW, 1982
Fjöldi skipverja: 6



Stafnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2011 var Stafnes KE 130 á siglingu til hafnar um 40 sml suðvestur af Sandgerði. Veður; A 3-5 m/sek

Á siglingunni komu upp gangtruflanir í aðalvélinni svo vélstjóri stöðvaði hana. Eftir skoðun kom í ljós bilun í olíudælum vélarinnar og óskaði skipstjóri þá eftir aðstoð við að draga skipið til hafnar.

Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein var sent til að draga Stafnes KE til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn vélstjóra fannst engin skemmd en óhreinindi voru í olíu sem gæti hafa haft truflandi áhrif á gang vélarinnar;
- að á fyrra veiðitímabili sagðist vélstjóri hafa verið í vandræðum með viðvarandi óhreinindi í olíunni. Olíutankurinn var hreinsaður og reyndist hann vægast sagt mjög óhrein bæði af völdum baktería og fastra agna (ryð). Eftir tankhreinsunina voru teknir 3.000 lítrar af gasolíu og blandað í hana gróðurdrepani efnum. Olíunni var dælt fram og til baka í olíulögnum til að fjarlægja óhreinindi sem þar kynnu að leynast. Áður en vélin var gangsett var tankurinn fylltur með 12.000 lítrum af díselolíu blandaða með ráðlegum skammti af gróðurdrepani efni;
- að árið 2009 bilaði olíudæla með þeim afleiðingum að vélin skemmdist í gangsetningu. (*Sjá mál RNS 009/09*) Í ljósi þeirra bilunar stöðvaði vélstjórinn vélin og taldi hyggilegast að draga skipið í land.

Nefndarálit:

Orsök gangtruflana má rekja til óhreininda í olíu.